

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna

haldinn 25. apríl 2018 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2018 var haldinn á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, Þingsal 2-3, miðvikudaginn 25. apríl 2018 kl. 17:15.

Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki. Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2017
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna
- 3) Yfirlit yfir framboð til stjórnar
- 3) Tillögur um breytingar á samþykktum

Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act., fyrir báðar deildir sjóðsins miðuð við árslok 2017, var aðgengileg í ársreikningi á bls. 11 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 30 fyrir Aldursdeild.

Áður en gengið var til formlegrar dagskrár tilkynnti Hinrik að í kjölfar fyrsta dagskrárliðar hygðist hann leggja fram breytingartillögu á dagskrá fundarins þannig að kosning stjórnar yrði færð til og yrði annar dagskrárliður. Var sú tillaga samþykkt og til hagræðis er rétt dagskrá birt hér eftirfarandi í fundargerð. Var gengið til dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktar sjóðsins, skv. ákvörðun fundarstjóra og með samþykkt fundar:

Röð dagskrárliða var eftirfarandi:

- 1) Skýrsla stjórnar
- 2) Kosning stjórnarmanna skv. 2. gr
- 3) Ársreikningur 2017 og fjárfestingarstefnur
- 4) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins
- 5) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 6) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins
- 7) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
- 8) Önnur mál
a. Málefni Hlutfallsdeilda

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar, tók til máls undir liðnum skýrsla stjórnar.

Með leyfi Friðberts er ræða hans hér birt orðrätt:

„Ræða formanns á ársfundi Lífeyrissjóðs bankamanna 25. apríl 2018

Ágætu sjóðfélagar.

Ávöxtun.

Ávöxtun á eignum Lífeyrissjóðs bankamann var mun betri á árinu 2017 en árið þar á undan. Hrein raunávöxtun var 4,58% í Hlutfallsdeild og 3,31% hjá Aldursdeild.

Þegar birt ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða er borin saman er mikilvægt að hafa í huga áhrif mismunandi aðferða sem beitt er við mat á skuldabréfum sem sjóðirnir hafa fest kaup á. Lífeyrissjóður bankamanna metur mikinn meirihluta skuldabréfa beggja deilda á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem sú ákvörðun hefur verið tekin að halda bréfunum í eign sjóðsins til gjalddaga þeirra.

Væru þessi skuldabréf færð til eignar á markaðsverði væri bókfært verð þeirra 4,6 milljörðum hærra hjá Hlutfallsdeild og 2,5 milljörðum hærra hjá Aldursdeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris væri þá hærri sem reiknuðu markaðsvirði nemur.

Reiknuð raunávöxtun væri einnig að sama skapi umtalsvert hærri ef skuldabréfin væru metin á markaðsvirði, eða 8,2% hjá Hlutfallsdeild (í stað 4,58%) og 6,2% hjá Aldursdeild (í stað 3,31%).

Þegar meðal-raunávöxtun hjá Lífeyrissjóði bankamanna undanfarin 20 ár er skoðuð, eða allt frá stofnun deildanna árið 1998, er ljóst að frekar varfærin fjárfestingastefna lengst af hefur skilað raunávöxtun yfir vaxtaviðmiði tryggingafræðilegrar úttektar, sem er 3,5%.

Á árunum 2000 til 2016 kemur Lífeyrissjóðu bankamann vel út í samanburði við alla íslenska lífeyrissjóði. Raunávöxtun á þessum tíma er sú þriðja besta af 18 stærstu lífeyrissjóðunum og rekstrarkostnaðurinn er sá þriðji lægsti undanfarin ár, eða 0,15% af meðalstöðu eigna að jafnaði.

Þegar meðal-raunávöxt fyrir þetta langt tímabil er skoðuð er rétt að minna á að flest allir lífeyrissjóðirsjóðir lentu í tveimur áföllum varðandi ávöxtun á þessu árabili. Fyrst var það tæknibólan á árunum 2000 og 2001 og síðan efnahagshrun um allan heim árið 2008, sem hafði veruleg áhrif það ár og fyrstu árin þar eftir.

Afnám gjaldeyrishafta.

Í mars á síðasta ári voru gjaldeyrishöft, sem voru sett á í kjölfar efnahagshrunsins 2008, afnumin sem mun gjörbreyta möguleikum lífeyrissjóða og annarra fjárfesta til eignastýringar og áhættudreifingar.

Í staðinn fyrir að geta aðeins fjárfest á Íslandi eins og áður var, getur lífeyrissjóðurinn nú fjárfest á öllum helstu verðbréfamörkuðum heimsins, í staði þess að geta einungis fjárfest á íslenskum hlutabréfamarkaði með 17 skráðum félögum í Kauphöll Íslands. Sjóðurinn getur nú einnig fjárfest í fjölda annarra fjármálagerna sem voru ekki í boði í gjaldeyrishöftunum, eins og erlendum skuldabréfum og erlendum framtakssjóðum.

Í fjárfestingastefnu fyrir Aldursdeild lífeyrissjóðsins er stefnt að því að hækka hlutfall erlendra eigna upp í 20% á þessu ári og enn frekar á næstu misserum, og auka þannig áhættudreifingu í ávöxtunarleiðum deildarinnar.

Í dag er verð á hlutabréfum hátt og miklar verðsveiflur á erlendum verðbréfamörkuðum og einnig á gjaldeyrismarkaði.

Því er mikilvægt að fara varlega og byggja upp erlendar eignir í áföngum á næstu árum.

Afnám gjaldeyrishafta hefur hins vegar engin áhrif á mögulegar fjárfestingar hjá Hlutfallsdeild þar sem samþykkt fjárfestingarstefna miðar við að eingöngu sé fjárfest

í skuldabréfum og innlánnum í íslenskum krónum, aðallega verðtryggðum. Hlutfallsdeildin getur illa tekist á við sveiflur milli ára vegna þess að útborgun eftirlauna úr lífeyrissjóðnum er mikið hærri en innborganir. Spurningin er hvort sjóðfélagar sem eiga Hlutfallsdeildina vilji gera breytingar á fjárfestingastefnu deildarinnar til að ná hugsanlega betri ávöxtun til framtíðar.

Það er alla vega ljóst að miðað við spár munu vextir skuldabréfa og innlána halda áfram að lækka, bæði hérlandis og erlendis og tæplega hægt að reikna með að ná viðmiðinu 3,5% ef einungis er fjárfest í innlánnum og skráðum skuldabréfum.

Ávöxtunarkrafa á löngum verðtryggðum ríkisskuldabréfum er nú um 2% en var um 8% árið 1990. Þróun markaðsvaxta er nú niður á við og er skýringin meðal annars aukið framboð á lífeyrissparnaði sem leitar eftir ávöxtunartækifærum. Vaxtalækkun með tilheyrandi gengishagnaði eru góðar fréttir fyrir fjárfesta til skamms tíma. Til lengri tíma er lækkun ávöxtunarkröfu hins vegar vondar fréttir fyrir lífeyrissjóði, sem eru langtímafjárfestar, því þeir verða þá að kaupa skuldabréf á lægri ávöxtunarkröfu en áður sem lækkar ávöxtun sjóðanna.

Það sem skiptir mestu máli fyrir lífeyrissjóði til framtíðar er að dreifa fjárfestingum yfir tíma, í mismunandi fjármálagerninga, fjárfesta í mörgum löndum og hjá mörgum útgefendum.

Staða deildanna.

Tryggvi Tryggvason framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bankamanna fer nánar yfir stöðu sjóðsins og gerir betri grein fyrir fjárfestingastefnum deildanna hér síðar á fundinum.

Bjarni Guðmundsson tryggingafræðingur sjóðsins fer í gegnum tryggingafræðilega úttekt á báðum deildum og segir okkur m.a. frá ástæðum þess að tryggingafræðileg staða Hlutfallsdeildar versnar milli ára þrátt fyrir 4,58% raunávöxtun.

Samskipta og siðareglur.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sér samskipta og siðareglur, en þar segir meðal annars: Hlutverk Lífeyrissjóðs bankamanna er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau og tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðurinn starfar undir víðtæku eftirliti, svo sem innra og ytra eftirliti löggiltra endurskoðenda, endurskoðunarnefnd og eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn og starfsmenn lífeyrissjóðsins gera sér ljósa grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir störfum þeirra við varðveislu og ávöxtun fjármuna í eigu sjóðfélaga og leggja mikla áherslu á að fylgja lögum, reglum og góðu viðskiptasiðferði í fjárfestingum sjóðsins.

Nánar má lesa um samskipta- og siðareglur stjórnar á heimasíðu Lífeyrissjóðs bankamanna.

Sjóðurinn hefur jafnframt sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem finna má á heimasíðu sjóðsins. Stefnunni er ætlað að skilgreina viðmið sem gera lífeyrissjóðnum kleift að samþætta samfélagslega ábyrgð við fjárfestingarákvarðanir hans eftir því sem kostur er og styðja þannig við greiningu, samanburð og mat á fjárfestingakostum. Er í því sambandi horft til umhverfismála, mannréttinda, samfélagsmála og stjórnarháttar og tillit tekið til þessara þátta eftir því sem fært er og

að því marki sem rúmast innan höfuðmarkmiðs sjóðsins um hámarkun réttinda sjóðfélaga.

Fjárfestingar lífeyrissjóða.

Á undanförunum misserum hefur mikil umræða skapast vegna áhrifa lífeyrissjóða á rekstur íslenskra fyrirtækja og viðskiptalífið almennt.

Það er öllum ljóst að til lengri tíma lítið er lítið vit í því að sjóðirnir haldi á um 40% allra hlutabréfa fyrirtækja, sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Þessi staða er upp komin vegna gjaldeyrishaftanna, sem sett voru árið 2008 og þeirri staðreynd að meiri hluti fyrirtækja sem skráð voru í Kauphöll fóru á hausinn eða voru afskráð í kjölfar efnahagshrunsins. Þrátt fyrir verulegt tap lífeyrissjóðanna vegna efnahagshrunsins 2008 voru þeir samt einu fjárfestarnir og lánveitendurnir sem komu sæmilega standandi út úr hruninu. Þess vegna var mikið leitað til sjóðanna varðandi endurreisn og uppbyggingu í íslensku athafnalífi. Lokun á erlendar fjárfestingar og takmörkun á fjárfestingum á Íslandi gerði það að verkum að sjóðirnir fjárfestu meira en ella í þeim örfáu fyrirtækjum sem skráð voru í Kauphöll hverju sinni.

Þess ber að geta að mörg af öflugustu fyrirtækjum á Íslandi eru enn ekki komin í Kauphöllina. Þar má telja flest sjávarútvegsfyrirtæki, fjármálafyrirtæki og orkufyrirtæki.

Í umræðunni um eignarhald lífeyrissjóðanna á íslenskum fyrirtækjum er einnig mikið rætt um að fulltrúar á vegum sjóðanna sitji í stjórnnum fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllinni og sitji því beggja vegna borðs þegar kemur að hagsmunagæslu.

Ég vil því ítreka hér að Lífeyrissjóður bankamanna hefur aldrei skipað eða valið stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn hefur keypt í hlutabréf, enda hlutabréfaeign að uppistöðu til óbein í gegnum sjóði, og eign í hverju einstöku fyrirtæki afar lítil.

Skerðingar Tryggingastofnunar.

Í umræðunni um skerðingar almannatrygginga, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir, gætir oft mikils misskilnings og virðist sem bæði stjórnámamenn og fjölmiðlar þekki ekki muninn á íslensku samtryggingarkerfi innan lífeyrissjóðanna og þeim lágmarkslífeyri sem Tryggingastofnun á að tryggja.

Ofta er ekki er talað um að lífeyrissjóðurinn skerði eftirlaun viðkomandi einstaklings vegna annarra tekna, svo sem launatekna eða fjármagnstekna.

Þetta er alrangt. Lífeyrissjóðurinn greiðir út þau réttindi sem sjóðfélagi á frá þeim tíma sem sjóðfélagi óskar að taka eftirlaun, oftast frá og með 67 ára aldri sjóðfélagans.

Stjórnámamenn allra flokka hafa hins vegar ákveðið að skerða lífeyri sem greiddur er frá Tryggingastofnun ef viðkomandi einstaklingur hefur einhverjar tekjur frá atvinnu, lífeyrissjóð eða fjármagni. Það er því eingöngu við stjórnámamenn og ríkisvaldið að sakast varðandi skerðingar eftirlauna frá Tryggingastofnun.

Niðurlag.

Nánar er hægt að lesa um starfsemi sjóðsins í skýrslu stjórnar sem þið hafið prentaða.

Þar er meðal annars sagt frá stöðunni varðandi kröfu sjóðfélaga um leiðréttingu á forsendubresti við útreikning á skuldbindingum Hlutfallsdeildar allt frá árinu 1997.

Tryggvi Tryggvason framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins mun fara nánar yfir stöðu málsins í erindi sínu hér á eftir.

Ég þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott og uppbyggilegt samstarf undanfarin ár. Lífeyrissjóður bankamanna er öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður og mikilvægt að svo verði um alla framtíð.

Friðbert Traustason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna.

Friðbert lauk máli sínu og þakkaði fyrir gott og uppbyggilegt samstarf á liðnum árum.

Hinrik Greipsson tók næstur til máls, þakkaði Friðberti fyrir, og gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn kvað sér hljóðs.

Hinrik bar þá tillögu undir fundinn um að breyta dagskrá þannig að kosning stjórnarmanna yrði næsti dagskrárliður. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

2) Kosning stjórnarmanna

Næst fór fram kosning stjórnarmanna. Fyrir fundinum lá að kjósa um þrjá stjórnarmenn til næstu tveggja ára auk þriggja varamanna.

Framboðsfrestur til stjórnar rann út 11. apríl sl. og bárust átta framboð til aðalstjórnar og þrjú framboð til varastjórnar innan tilskilins frests.

Frambjóðendur til aðalstjórnar voru Ari Skúlason, Ingólfur Guðmundsson, Kjartan Sigurgeirsson, Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Sigurjón Gunnarsson, Sveinbjörn Hafliðason og Þorsteinn Ólafs.

Frambjóðendur til varastjórnar voru Helga Jónsdóttir, Kjartan Jóhannesson og Sigrún Inga Hansen.

Hinrik gaf frambjóðendum kost á að kynna sig áður en gengið var til kosninga. Að kynningum loknum skýrði Hinrik fyrirkomulag kosninga og óskaði eftir því að sjóðfélagar gengu til kosninga og greiddu atkvæði um aðalmenn og varamenn.

Í stjórn voru kosin sem aðalmenn Ari Skúlason, Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir og Ingólfur Guðmundsson. Varamenn voru kjörnir, í réttri röð, Kjartan Jóhannesson, Helga Jónsdóttir, og Sigrún Inga Hansen.

Skoðunarmenn sjóðsins voru kjörin þau Guðrún Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson.

Í framhaldinu munu aðildarfyrtæki lífeyrissjóðsins tilnefna þrjá einstaklinga til stjórnarsetu skv. 2. gr. samþykpta sjóðsins.

3) Ársreikningur 2017 og fjárfestingarstefnur

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins. Ársreikningur 2017 lá frammi á fundinum og er jafnframt aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is.

Fyrst fór Tryggvi yfir ávöxtun hvorrar deildar fyrir sig og þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar.

Í máli Tryggva kom m.a. fram að hrein nafnávöxtun *Hlutfallsdeildar* væri 6,40% og raunávöxtun 4,58%. Meðaltal raunávöxtunar síðustu 5 ára væri 4,26%. Þá væri raunávöxtun frá stofnun deildarinnar 1998 að meðaltali 3,82%. Þá væri hrein nafnávöxtun *Aldursdeildar* 5,10% og

raunávöxtun 3,31%. Meðaltal raunávöxtunar síðustu 5 ára væri 4,22% og þá væri raunávöxtun frá stofnun deildarinnar 1998 að meðaltali 3,81%. Um þetta nefndi Tryggvi m.a. að mikilvægt væri að ávöxtun frá stofnun deilda væri yfir viðmiði. Þá sýndi Tryggvi glæru með samanburði á ávöxtun milli sjóða og ræddi m.a. um mismunandi uppgjörsaðferðir sem hann nefndi að ágætt væri að hafa í huga þegar slíkur samanburður væri skoðaður.

Næst ræddi Tryggvi um rekstrarkostnað sjóðsins sem hann nefndi að afskaplega mikilvægt væri að halda í lágmarki. Tryggvi sýndi glæru með samanburði á rekstrarkostnaði 2017 milli nokkurra sjóða þar sem Lífeyrissjóður bankamanna kom ágætlega út. Þá nefndi Tryggvi að ágætt væri að hafa í huga við slíkan samanburð að hluti af rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar væri greiddur af aðildarfélögum sjóðsins. Þá nefndi Tryggvi jafnframt í þessu sambandi að ekki virtist vera að sjá stærðarhagkvæmni á milli sjóða er varðaði rekstrarkostnað.

Loks vék Tryggvi máli sínu að ársreikningi.

Fyrst vék Tryggvi máli sínu að Hlutfallsdeild og fór hann yfir breytingar á hreinni eign sem var til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild í árslok 2017, bls. 8 í ársreikningi. Fyrst nefndi Tryggvi að iðgjöld lækkuðu heldur milli ára eða frá 38.542 m. kr. í um 36.136 m. kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í Hlutfallsdeild var um 38.636 ma. króna í árslok 2017 samanborið við um 38.427 ma. kr. í árslok 2016, en um er að ræða hækkun milli ára. Rekstrarkostnaður hækkaði milli ára en skýrist það fyrst og fremst af samningsbundnum launahækkunum auk þess sem vert væri að hafa í huga að eftirlitskostnaður til endurskoðanda og Fjármálaeftirlitsins næmi um 20% af rekstrarkostnaði sjóðsins. Nákvæmar tölulegar upplýsingar má nálgast á bls. 8 í ársreikningi félagsins sem er aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Hlutfallsdeildar í árslok 2017 og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2017 og ræddi þar nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 9 - 10, í ársreikningi sjóðsins.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að Aldursdeild og fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris í Aldursdeild í lok árs 2017, bls. 27 í ársreikningi. Fyrst nefndi Tryggvi að iðgjöld sjóðfélaga hefðu hækkað milli ára og voru 747.892 m. kr. í árslok 2017 samanborið við um 728.450 m. kr. í árslok 2016. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2017 í Aldursdeild var um 35.831 ma. kr. samanborið við um 32.591 ma. kr. í árslok 2016, nefndi Tryggvi að þessi hækkun á milli ára helgaðist af aukningu iðgjalda en fyrst og fremst af fjárfestingartekjum sem endurspegluðu hagfelld skilyrði á fjármálamörkuðum á árinu 2017. Því næst fjallaði Tryggvi um efnahagsreikning Aldursdeildar og þar á eftir um sjóðstreymi ársins 2017 og ræddi nánar einstaka þætti. Nákvæmar tölulegar upplýsingar er hægt að nálgast á bls. 28 - 29, í ársreikningi sjóðsins.

Að lokum benti Tryggvi á ítarlegar skýringar endurskoðanda sem fylgja ársreikningnum fyrir sitt hverja deildina, fyrir Hlutfallsdeild á bls. 12 - 25 og fyrir Aldursdeild á bls. 31 - 47.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að fjárfestingarstefnum sjóðsins.

Í máli Tryggva kom fram um fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar að áfram væri mjög lágt áhættustig og stöðug raunávöxtun vegna eðlis deildarinnar. Deildin væri lokuð, innflæði færi minnkandi, útflæði færi vaxandi og hún þyldi því illa sveiflur í ávöxtun. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar voru þær að markmið fyrir hlutfall innlána af eignasafni væri lækkað úr 20% í 18% og markmið fyrir hlutfall skuldabréfa í eignasafni, þ.e. annarra en ríkisskuldabréfa, hefði hækkað aðeins á móti. Ekki miklar breytingar.

Í máli Tryggva kom fram um fjárfestingarstefnu Aldursdeildar að um væri að ræða varfærna stefnu en áhættustig hennar væri þó talsvert hærra samanborið við fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar. Markmið fyrir hlutfall innlána af eignasafni hefði verið lækkað úr 10% í 5% og hlutfall skuldabréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, hefði hækkað á móti úr 10% í 15%. Síðustu ár hafa stærstu breytingarnar verið hækkun hlutfalls erlendra verðbréfa af eignasafni eða úr 10% í 15% árið 2017 og úr 15% í 20% fyrir árið 2018, hefur þetta hlutfall því riflega tvöfaldast á sl.



tveimur árum. Í máli Tryggva kom m.a. fram að gera mætti ráð fyrir að vægi erlendra eigna af eignasafni myndi halda áfram að aukast á komandi árum.

Því næst sýndi Tryggvi glæru með yfirliti yfir eignasamsetningu eignasafna deildanna og ræddi nánar.

Að lokum þakkaði Tryggvi fyrir sig og hvatti fundarmenn til að spyrja ef einhverjar spurningar hefðu vaknað.

Hinrik Greipsson tók til máls þakkaði Tryggva fyrir og kvað orðið laust um ársreikning sjóðsins og fjárfestingarstefnur.

Sveinn Sigurðsson kvað sér máls. Sveinn vísaði til upplýsinga í ársreikningi um *Rekstrargjöld Hlutfallsdeildar*, á bls. 15 í ársreikningi, og spurði sérstaklega um liðinn annar kostnaður og hvernig sundurliðun væri á þeim lið og hvort þar væri um að ræða kostnað sem aðildarfélög greiddu.

Tryggvi tók til máls og þakkaði fyrir spurninguna. Í máli Tryggva kom m.a. fram að annar kostnaður væri í raun allur annar kostnaður en launakostnaður. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn fyrir utan launakostnað væri eftirlitskostnaður sem næmi um 20% af rekstrargjöldum, en það væri t. a. m. kostnaður vegna Fjármálaeftirlits og vegna endurskoðunar á sjóðnum, innri og ytri endurskoðun. Þá nefndi Tryggvi að húsnæðiskostnaður og hugbúnaðarkostnaður væri jafnframt umtalsverður. Nefndi Tryggvi að ekki væri að sjá að það væri svigrúm til að draga úr kostnaði þar sem þeir stóru liðir sem rekstrarkostnaður samanstæði að mestu af væru illviðráðanlegir og þá væri að hans mati umhugsunarefni að eftirlitskostnaður næmi jafn háu hlutfalli af rekstrarkostnaði sjóðsins og raun bæri vitni.

Hinrik tók þá til máls og kvað orðið ennþá laust fyrir ársreikninga sjóðsins og fjárfestingarstefnur. Enginn kvað sér máls.

Hinrik bar því næst ársreikning sjóðsins til samþykktar, fyrir sitt hvora deild, og svo í heild sinni. Var ársreikningur sjóðsins 2017 samþykktur samhljóða.

Næsti dagskrárliður var kosning skoðunarmanna.

4) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

5) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um hækkun launa stjórnar- og skoðunarmanna úr kr. 70.000.- á mánuði í kr. 80.000.- á mánuði og laun varamanna úr kr. 35.000.- fyrir hvern fund í kr. 40.000.- fyrir hvern fund. Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 40.000.- á mánuði í kr. 45.000.- á mánuði.

Hinrik Greipsson gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun stjórnar- og skoðunarmanna og laun varamanna. Enginn kvað sér hljóðs. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Hinrik gaf þá orðið laust um tillöguna að hækka laun skoðunarmanna. Enginn kvað sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

Laun stjórnarmanna eru því kr. 80.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf. Laun varamanna kr. 40.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 80.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Þá eru laun skoðunarmanna kr. 45.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna.

6) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins sem var aðgengileg á bls. 11 og 30 í ársreikningi sjóðsins.

Í máli Bjarna kom m.a. fram að engar breyttar forsendur væru við tryggingafræðilega úttekt sjóðsins fyrir árið 2017. Bjarni sýndi á glærum yfirlit yfir niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar fyrir hvora deild og fór yfir þær og helstu forsendur þeirra. Vísast til upplýsinga um tryggingafræðilega úttekt í ársreikningi.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt.

Júlíus Óskarsson kvað sér máls. Í máli Júlíusar kom m.a. fram að útgreiddur lífeyrir hefði lítið hækkað vegna lágrar verðbólgu en greiðslur inn í sjóðinn hefðu hinsvegar hækkað m.a. vegna launahækkana. Spurði Júlíus hvernig verðbólga snerti framtíðarskuldbindingar Hlutfallsdeildar. Bjarni tók til máls og nefndi að það hjálpaði til hversu fáir greiddu í sjóðinn og nefndi í því sambandi til dæmis að undir lok árs 2015 hafi hann ekki gert ráð fyrir því að laun ættu eftir að hækka umfram verðlag og að það hefði gert stöðu sjóðsins erfiðari en fyrir t.d. fimm árum síðan, það helgaðist einmitt af því hversu fáir væru enn að greiða iðgjöld í sjóðinn.

Engir fleiri kváðu sér hljóðs.

7) Tillögur um breytingar á samþykktum

Hinrik Greipsson tók til máls og kynnti að fyrir fundinum lægi tvær tillögur til breytinga á samþykktum, en efni þeirra lá frammi fyrir fundinum.

Hinrik tók til máls og nefndi í þessu sambandi að ferli breytinga á samþykktum lyki ekki á ársfundi heldur, skv. 7. gr. samþykpta, og sbr. 36. gr., þyrfti líka að fá staðfestingu meirihluta bankaráða og stjórnar aðildarfyrirtækja og að lokum staðfestingu fjármálaráðuneytis að fengnu álit Fjármálaeftirlitsins. Í máli Hinriks kom fram að þó svo að sjóðfélagar samþykktu breytingar á samþykktum sjóðsins þá yrðu þær ekki að staðreynd fyrr en að undangengnu þessu ferli.

Hinrik bað því næst Tryggva Tryggvason um að koma í pontu og kynna tillögurnar.

Í máli Tryggva kom fram að á síðasta ári hefði tekið gildi lagabreyting sem heimilaði Tryggingastofnun að greiða hálfan lífeyri til þeirra sem vildu minnka við sig vinnu. Skilyrði væri að viðkomandi lífeyrissjóður hefði innleitt slíka heimild inn í samþykktir sínar. Þær breytingartillögur sem liggja fyrir eru því um valkvæða heimild fyrir sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bankamanna til að fá hálf eftirlaun og um framlengingu frestunartaflna til samræmis. Í máli Tryggva kom fram að kysi sjóðfélagi að nýta sér þessa heimild hefði það hvorki áhrif á stöðu sjóðsins né skerðingu á réttindum annarra sjóðfélaga.

Fyrri tillagan var svohljóðandi:

Tillaga til breytinga á 11. gr. (hálf eftirlaun)

Lagt er til að inn komi nýtt ákvæði 11.8 sem væri svohljóðandi:

11.8 Þrátt fyrir ákvæði 11.1. getur sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum ákveðið að hefja töku eftirlauna í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð að því skilyrði uppfylltu að hann sé ekki í meira en hálfu starfi sem veitir aðild að sjóðnum.

Greinargerð með tillögu um breytingu á grein 11. (Hlutfallsdeild)

Tildrög þessara breytingar er að hinn 1. janúar 2018 tóku gildi lög nr. 116/2016 sem breyttu lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og fleiri lögum. Með breytingunum er einstaklingum gefinn kostur á að taka hálfan ellilífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, frá 65 ára aldri, að því skilyrði uppfylltu að allir skyldubundnir atvinnutengdir lífeyrissjóðir, sem einstaklingur á réttindi í, hafi heimilað sjóðfélögum töku á hálfum lífeyri. Eigi þessi heimild að gilda fyrir sjóðfélaga í Hlutfallsdeild þarf að breyta samþykktum með ofangreindum hætti. Er hér tekið mið af orðalagi frumvarps til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 sem nú eru til meðferðar á Alþingi.

Seinni tillagan var svohljóðandi:

Tillaga til breytinga á 20. gr. (hálf eftirlaun)

Grein 20.3 orðist þannig (nýtt er auðkennt með **rauðu, yfirstrikað fellur út):**

20.3 Sjóðfélagi sem er orðinn 67 ára ~~og frestar~~ **getur frestað** töku lífeyris **til allt að 80 ára aldurs** og ~~hækkar~~ **hækkað** eftirlaun sín samkvæmt töflu III.

Lagt er til að inn komi ný ákvæði 20.5. og 20.6 sem væru svohljóðandi:

20.5 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku eftirlauna hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku eftirlauna í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta lífeyrisréttinda sinna, sbr. grein 21.11. Ákvæði 20.2 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 20.3 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð.

20.6 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku eftirlauna við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, lækkað hlutfall eftirlauna í 50%. Skal þá tryggingastærðfræðingur sjóðsins meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð eftirlauna enda gilda ekki ákvæði 20.2 og 20.3 í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki og þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 20.2 og 20.3. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum samkvæmt grein 21.11.

Greinargerð með tillögu um breytingu á grein 20. (Aldursdeild)

Tildrög þessara breytingar er að hinn 1. janúar 2018 tóku gildi lög nr. 116/2016 sem breyttu lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og fleiri lögum. Með breytingunum er einstaklingum gefinn kostur á að taka hálfan ellilífeyri (eftirlaun) frá Tryggingastofnun ríkisins, frá 65 ára aldri, að því skilyrði uppfylltu að allir skyldubundnir atvinnutengdir lífeyrissjóðir, sem einstaklingur á réttindi í, hafi heimilað sjóðfélögum töku á hálfum lífeyri. Eigi þessi heimild að gilda fyrir sjóðfélaga í Aldursdeild þarf að breyta samþykktum með ofangreindum hætti.

20.3

Lagt er til að sjóðfélögum verði gert kleift að fresta eftirlaunagreiðslum til allt að 80 ára aldurs í stað 70 ára nú gegn varanlegri hækkun á réttindum. Er þetta lagt til í því skyni að auka möguleika til sveigjanlegri töku eftirlauna og til að koma til móts við framangreindar breytingar á lögum um almannatryggingar. Töflu [x] er breytt til samræmis við það samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins. Markmið breytinga er að frestun eftirlauna hafi ekki áhrif á tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.

20.5 og 20.6

Lagt er til að ákvæði samþykktar sjóðsins um hálfan lífeyri verði breytt á þann veg að sjóðfélaga verði heimilt að fara á hálfan lífeyri hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð og telst sjóðfélagi þá hafa ráðstafað þeim hluta lífeyrisréttinda sinna endanlega, sbr. grein 11.4. Grein 20.2 skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur (flýting) og grein 20.3 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð (frestun). Í ljósi grundvallarsjónarmiða að baki ævilöngum lífeyri, fyrirhugaðar framkvæmdar hjá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og í ljósi þess að heimilt verður að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs er lagt til að almennt verði ekki heimilt að endurskoða ákvörðun um töku lífeyris. Þó er gert ráð fyrir því að sjóðfélagar sem hafið hafa fulla töku ellilífeyris við gildistöku ákvæðisins geti ákveðið að fara á hálfan lífeyri fram til 1. janúar 2020. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem viðhöfð verður hjá almannatryggingum og hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þar sem um bráðabirgðaákvæði er að ræða er lagt til að fela tryggingastærðfræðingi mat á þeim áhrifum hverju sinni í stað þess að bæta við sérstakri töflu í viðauka við samþykktir sjóðsins.

Hinrik gaf orðið laust um tillögurnar.

Gyða Gunnarsdóttir kvað sér máls. Gyða spurði hvort það mætti skilja það sem svo að það væri í raun ekkert sem mælti á móti þessum breytingartillögum og að þetta væri til hagsbóta fyrir sjóðfélaga.

Tryggvi svaraði því til að það væri rétt, um væri að ræða viðbótar valmöguleika fyrir sjóðfélaga sem hefði engin áhrif á þá sjóðfélaga sem nýttu sér hann ekki. Tryggvi sagði að ef þessi breyting yrði ekki gerð þá væri ekki hægt að fá hálfan lífeyri hjá Lífeyrissjóði bankamanna og nefndi Tryggvi að það væri ekki vilji sjóðsins að standa í vegi fyrir þeim sjóðfélögum sem myndu vilja nýta sér þennan valkost.

Stefán Jóhann Stefánsson kvað sér máls. Stefán nefndi að hann hefði ekki haft tíma til að kynna sér efni þessara tillagna og nefndi að hann hefði kosið að fyrir lægi formlegt mat um að þessar tillögur hefðu engin áhrif á sjóðinn ef þær yrðu samþykktar.

Tryggvi tók til máls og óskaði eftir því að Bjarni kæmi í pontu og færi yfir áhrif þessara tillagna á sjóðin ef samþykktar. Bjarni tók til máls og kom fram í máli hans að hann sæi ekki að þessar tillögur hefðu áhrif á deildir sjóðsins ef samþykktar.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna.

Gísli Jafetsson tók til máls. Gísli nefndi m.a. að tilgangur þessara lagabreytinga sem lægu að baki þessara breytingatillagna á samþykktum sjóðsins væri að auka líkurnar á því að fólk gæti tekið út lífeyri hjá Tryggingastofnun. Þá spurði Gísli hvort orðalagið í 11.8: „meira en hálfu starfi sem veitir aðild að sjóðnum“ fæli mögulega í sér takmörkun sem væri óþarfi og sem ynni gegn tilgangi lagabreytingarinnar. Gísli lagði fram tillögu um að fella orðalagið á brott.

Friðbert tók til máls og lagði til að orðalagið yrði: „í hálfu starfi hjá aðildarfyrirtæki“ í stað „í hálfu starfi sem veitir aðild að sjóðnum.“.

Stefán Jóhann Stefánsson tók til máls og lagði til að málinu yrði frestað og tekið af dagskrá þar sem það lægi ekki nægilega skýrt fyrir.

Hinrik lagði tillögu Stefáns um frestun fyrir fundinn. Tillagan náði ekki fram að ganga.

Tryggvi tók þá til máls og ítrekaði að þessar breytingartillögur væru valkvæðar, engum væri skylt að nýta sér þennan valkost, og að þær hefðu engin áhrif á sjóðinn eða aðra sjóðfélaga. Það sem væri vert að hafa í huga væri það að ef sjóðurinn samþykkti ekki þessar tillögur þá væri sjóðurinn að koma í veg fyrir að þeir sjóðfélagar sem hugsanlega kynnu að vilja nýta sér þennan valkost gætu það ekki því það væri skilyrði fyrir nýtingu þessa valkosta að viðkomandi lífeyrissjóður hefði samþykkt og innleitt hann inn í samþykktir sínar.

Hinrik kvað orðið enn vera laust. Enginn kvað sér hljóðs.

Hinrik bar því næst upp breytingartillögurnar til kosninga með breyttu orðalagi í grein 11.8. þannig að greinin endaði á orðunum „í hálfu starfi hjá aðildarfyrirtæki.“.

Kosið var um tillögurnar fyrir sitt hvora deild. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

8) Önnur mál.

Hinrik Greipsson tók til máls og hvatti sjóðfélaga í Hlutfallsdeild til að sitja áfram undir liðnum Önnur mál þar sem farið yrði yfir málefni Hlutfallsdeildar. Þá var sjóðfélögum Aldursdeildar boðið að sitja áfram ef þeir óskuðu þess.

Gaf fundarstjóri orðið laust.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Tryggvi vísað til áskorunar á síðasta ársfundi, sem bókuð var undir liðnum önnur mál í fundargerð ársfundar 2017, um að stjórn sjóðsins kannaði hvort unnt yrði að ná fram rekstrarhagræði með samstarfi með öðrum sjóðum með sérstöku tilliti til húsnæðismála. Tryggvi nefndi að sjóðurinn hefði verið í sambandi við Fjármálaeftirlitið sem beindi því til sjóðsins að haft yrði samráð við Samkeppniseftirlitið í þessum efnum og formlegt erindi hefur verið sent til Samkeppniseftirlitið um sjónarmið þeirra í þessum efnum, ekki hefði borist svar en vonir stæðu um að fá fund með eftirlitinu við fyrsta tækifæri. Tryggvi nefndi að sjóðurinn teldi sjálfsagt að skoða þetta mál og mun gera. Tryggvi nefndi að þetta hefði verið viðráð við aðra sjóði en þetta væri fyrst og fremst húsnæðismál þar sem leigusamningur færi að renna út og við úrlausn á því máli yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þessara sjónarmiða og hvort samstarf væri fýsilegt í þeim efnum við aðra sjóði.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að málefni Hlutfallsdeildar.

a. Málefni Hlutfallsdeildar

Að loknu fundarhléi tók Tryggvi Trygvason til máls og gerði grein fyrir framgangi mála hjá Hlutfallsdeild. Tryggvi byrjaði á því að fara skilmerkilega yfir feril málsins frá haustinu 2015 til dagsins í dag. Í máli Tryggva kom m.a. fram að í mars 2017 hefði verið skipaður dómkvaddur matsmaður sem skilaði matsgerð sinni í nóvember 2017. Tryggvi nefndi að það væri mat sjóðsins að matsgerðin staðfesti forsendubrestinn umrædda ásamt því að nú væri fram komið mat í fjárhæðum á því tjóni sem leiddi af honum, eða á bilinu 3 – 5 ma. kr. Í máli Tryggva kom fram að sjóðurinn hafi óskað eftir viðræðum við matsþola í kjölfar þess að matsgerðin lá fyrir. Einhverjar viðræður og þreifingar hafi átt sér stað við Landsbankann en þær hafi þó ekki skilað niðurstöðum. Tók Tryggvi fram að sjóðurinn hefði unnið að kröfugerð og mótun stefnu samhliða því að biðja eftir afstöðu frá aðildarfyrirtækjunum og að það væri mat lögmanns sjóðsins að ekki væri unnt að biðja mikið lengur eftir svörum. Tryggvi nefndi að lokum að af tveimur kostum, samkomulagi eða málaferlum, væri alltaf betri kostur að ná samkomulagi sem aðilar gætu unað við en sjóðurinn væri þó tilbúinn til að fara í málaferli ef þess þyrfti. Þá nefndi Tryggvi í því sambandi að líklega myndi taka langan tíma að reka málið fyrir dómstólum.

Hinrik tók til máls og gaf orðið laust.

Kjartan Sigurgeirsson kvað sér máls. Kjartan óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju og lagði fram ályktun fyrir fundinn sem er svohljóðandi orðrétt, með leyfi Kjartans:

„Reykjavík 25. apríl 2018

Ályktun til Ársfundar Lífeyrissjóðs bankamanna

Á meðan Lífeyrissjóður bankamanna stendur frammi fyrir málaferlum gegn aðildarfélagum sjóðsins, teljum við það í hæsta máta óeðlilegt, jafnvel ósiðlegt að stjórninni sé stýrt af stjórnarmönnum, tilnefndum af aðildarfyrirtækjunum, þ.e. þeim sem verður stefnt komi til málaferla, þ.e. Landsbanka, Seðlabanka, Reiknistofu og Valitor. Því krefjumst við þess að formaður stjórnar verði valinn úr hópi þeirra sem kjörnir hafa verið á þessum fundi.“

Hinrik kvað orðið laust um ályktun Kjartans.

Helga Jónsdóttir kvað sér hljóðs um ályktunina. Helga tók undir orð Kjartans og óskaði nýkjörinni stjórn sjóðsins til hamingju með kjörið. Helga nefndi í sambandi við ályktunina að það stæði í samþykktum sjóðsins að fulltrúar aðildarfélaga ættu að skipa stjórnarmenn og af þeim sökum teldi hún að ályktunin væri gagnslaus og fundinum til vansa. Helga lagði til að ályktuninni yrði vísað frá.

Kjartan Sigurgeirsson tók til máls. Kjartan nefndi að athugasemdir Helgu væru einkennilegar að hans mati og sagðist ekki sjá neitt mæla gegn því í samþykktum að stjórnarformaður kæmi frá aðildarfyrirtækjum. Það þyrfti því ekkert annað en áskorun til stjórnarmanna sjóðfélaga um að samþykkja ekki formann frá þeim hluta stjórnarmanna sem skipaðir væru af aðildarfyrirtækjum.

Hinrik tók til máls. Hinrik sagðist taka undir með Helgu um að heimild til aðildarfélaga að skipa stjórnarmenn væri í samþykktum.

Hinrik las þvínæst upp frávísunartillögu Helgu og bar undir fundinn. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða gegn sextán sem voru á móti.

Hinrik kvað orðið laust undir liðnum önnur mál.

Guðríður Kristjánsdóttir tók því næst til máls og spurði varðandi matsgerðina hvort þær fjárhæðir, sem talið væri að tjónið næmi, væru ekki breytilegar eftir því sem tíminn liði.

Tryggvi Tryggvason tók til máls og sagði umræddar fjárhæðir ekki vera endanlegar og að í kröfugerð í stefnu yrðu þessar fjárhæðir framreiknaðar eins og rétt skyldi vera. Í máli Tryggva kom fram að matsgerðin hefði verið lengi í smíðum og að þær tölur sem lágu henni til grundvallar hafi ekki náð lengra en til loka árs 2015. Kröfugerð í stefnu yrði hins vegar með uppfærðum forsendum með tilliti til þess tíma sem liðið hefur og gera mætti því ráð fyrir að þær fjárhæðir verði hærri.

Hinrik tók til máls og kvað orðið enn vera laust.

Gísli Jafetsson tók til máls. Gísli sagðist taka undir með öðrum fundarmönnum og óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í störfum. Gísli sagði að undanfarið hefði hann verið að hugsa um íslenska lífeyriskerfið og að hann vildi freista þess að skapa umræðu í þeim lífeyrissjóðum sem hann hefði aðild að og á öðrum vettvangi, m.a. í þeim störfum sem hann væri í fyrir Félag eldri borgara. Gísli óskaði þess að það sem hann hefði að segja hér á eftir kæmi fram í gögnum lífeyrissjóðsins og að að yrði jafnframt opinber stefna hans, en það væri eins konar áskorun hans til sjóðsins.

Birt hér með leyfi Gísla:

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna 2018 áréttar þá skoðun að íslenska lífeyriskerfið byggist á þremur meginstoðum.

Fyrsta stoð:

Almannatryggingakerfið

Opinbert lífeyriskerfi með skylduaðild allra landsmanna

Meginmarkmið þessarar stoðar er tekjujöfnun og samtrygging.

Önnur stoð:

Lífeyrissjóðirnir

Lífeyrissjóðakerfið sparnaðarkerfi / sjóðsöfnun

Meginmarkmið þessarar stoðar er að standa undir ellilífeyri og samtryggingu.

Þriðja stoð:

Viðbótarlífeyrissparnaður

Einstaklingsbundinn sparnaður

Meginmarkmið þessarar stoðar er sparnaður til elliáranna og einstaklingsbundin réttindi.

Gísli ítrekaði ósk sína um að sjóðurinn tæki þetta til greina sem stefnu sjóðsins og að það væri hans áskorun til sjóðsins.

Hinrik tók til máls og kvað orðið vera laust.

Sigurjón Gunnarsson tók til máls. Sigurjón byrjaði á að þakka kærlega fyrir sig vegna sinna starfa í stjórn sjóðsins, en Sigurjón hafði verið í stjórn í 14 ár. Í máli Sigurjóns kom m.a. fram að hann hefði ávallt lagt sig fram í sínum störfum og að honum hafi því sárnað að vera sakaður um að hafa borið ábyrgð á þeirri skerðingu sem Hlutfallsdeild þurfti að þola á sínum tíma, en hann fyrirgæfi mönnum það. Sigurjón þakkaði jafnframt Friðberti fyrir hans samstarf og vinnu í þágu sjóðsins og nefndi í því sambandi að Friðbert hefði einnig oft á tíðum þurft að þola ósanngjarna gagnrýni eins og aðrir stjórnarmenn. Sigurjón sagðist að lokum alls ekki vera búinn að missa áhuga á lífeyrismálum en nú gæti hann a.m.k. sofið rólegur þar sem ábyrgðin væri orðin annarra. Sigurjón óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í störfum sínum og þakkaði aftur fyrir sig. Sigurjón var kvaddur með lófataki.

Hinrik tók til máls og kvað orðið enn vera laust undir liðnum önnur mál.

Gísli Jafetsson tók til máls. Gísli þakkaði Friðberti, vinnufélaga til margra ára og nágranna, kærlega fyrir allt saman og góð störf í þágu sjóðfélaga. Gísli þakkaði fyrir sig.

Tryggvi Tryggvason tók til máls. Fyrir hönd sjóðsins og starfsmanna þakkaði hann Sigurjóni og Friðberti fyrir afar vel unnin störf í þágu sjóðsins, báðir hefðu verið fulltrúar sjóðfélaga í langan tíma og skilað mjög svo farsælu starfi, m.a. á tímum efnahagshruns, með þeim árangri sem liggur fyrir. Fundurinn tók vel í þessi orð og var klappað vel fyrir þeim. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik Greipsson tók til máls. Hinrik þakkaði Sigurjóni og Friðberti kærlega fyrir ánægjulegt samstarf og nefndi m.a. að samstarf þeirra í félagsmálum næði langt til baka. Hinrik sagðist vita að þeir hefðu unnið vel fyrir sjóðfélaga. Þá bauð Hinrik nýja stjórnarmenn, Ara Skúlason og Margræti Lilju Hrafnkelsdóttur, velkomna í stjórn og óskaði nýrri stjórn allri velfarnaðar í störfum sínum.

Hinrik kvað orðið enn vera laust en enginn kvað sér máls.

Þakkaði Hinrik fyrir góðan fund.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Var fundi slitið um kl. 20:00. Fundarmenn voru um það bil 180 talsins.

Reykjavík, 25. apríl 2017

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:



Pálmi Rögnvaldsson